

Fundargerð stjórnarfundar nr. 28.

Stjórnarfundur Norðurá bs. fimmtudaginn 10. júní 2010 kl:15:00, haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins Skagastrandar.

Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson Vignir Kjartansson og Eiður Guðmundsson og Gunnar Svavarsson verkfræðingar hjá Eflu verkfræðistofu.

Dagskrá

1. Samningur um framkvæmdir við urðunarstaðinn að Sölvabakka.
2. Aðrir framkvæmdaþættir vegnar gerðar urðunarstaðarins.
3. Samskipti við UST, starfsleyfi urðunarstaðar og deiliskipulag.
4. Framkvæmdarleyfi vegna urðunarstaðar.
5. Eftirlit með framkvæmdum.
6. Samningar um urðun.
7. Önnur mál.

Magnús Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Samningur um framkvæmdir við urðunarstaðinn að Sölvabakka.


Undir þessum lið sátu fulltrúar Héraðsverks ehf., þeir Guðmundur Björnsson og Benedikt Ólason.

Í upphafi lagði Gunnar Svavarsson fram útboðsgögnin og var farið yfir verkið og framkvæmd þess rædd frá ýmsum hliðum.

Fundarmenn spurðu mikið um fjárhagslegan styrkleika Héraðsverks, þeirra undirverktaka, fyrri verk, tækjakost og ýmislegt annað sem tengist framkvæmdinni eins og áætlanir um viðbrögð ef undirverktakar hyrfu úr verkinu o.s.fv. Voru svörin upplýsandi og gáfu til kynna að fyrirtækið væri vant stórum verkum og vel statt og tilbúið með áætlanir við óvæntum upþákomum. Áður hafði Verkfræðistofan Efla kannað ýmis gögn um stöðu og getu fyrirtækisins, bæði gögn sem farið var fram á í útboðinu og gögn sem kallað var eftir aukalega um Héraðsverk og þeirra undirverktaka.

Guðmundur og Benedikt lögðu fram verkáætlun sem gerir ráð fyrir að verkið hefjist 20. júní og verði lokið 1. nóvember eins og ráð var fyrirgert í útboðsgögnum. Fyrir næstu mánaðarmót munu þeir skila endurskoðaðri verkáætlun einstakra þátta innan þessa tímaramma sem verkið nær yfir í heild.

Að lokinni ýtarlegri yfirferð og skoðun á framlagðri tryggingu frá Íslandsbanka var samþykkt samhljóða af stjórn Norðurá bs., að ganga til samninga við Héraðsverk ehf. um framkvæmdir við urðunarstaðinn að Sölvabakka. Skrifað var undir tvö samhljóða eintök og stafir og stimpill verksala settur á verkáætlunina.



2. Aðrir framkvæmdarþættir vegna gerðar urðunarstaðarins

- a) Gunnar lagði fram minnisblað um kröfur til þjónustuhúss við vog á urðunarstað. Ákveðið að Magnús leiti eftir föstu verði í gerð fullnaðarteikninga af húsinu og að í framhaldinu yrði smíði þess og annar frágangur boðin út í lokuðu útboði.
- b) Rætt um vigtina sem samþykkt var að kaupa á síðasta fundi. Fjármálastjóra Norðurár falið að klára samning við Islúx ehf. um kaupinn.
- c) Magnús greindi frá frumathugun á aðgangi að vatni fyrir svæðið og er málið áfram í vinnslu hjá honum.

3. Samskipti við UST, starfsleyfi urðunarstaðar og deiliskipulag.

Gunnar greindi frá því að afgreiðsla deiliskipulags væri lokið frá Blönduósbæ og UST biði eftir undirrituðu eintaki til að afgreiða málið frá sér.

Einnig fer UST fram á að gert verði áhættumat vegna botnþéttingar á urðunarhólfinu og að við það mat verði stuðst við norskar reglur. Gunnari falið að vinna áfram að málinu og klára áhættumatið. UST mun ekki afgreiða starfsleyfið fyrir en áhættumatið liggur fyrir.

4. Framkvæmdarleyfi vegna urðunarstaðar.

Framkvæmdaleyfi er í loka frágangi hjá byggingarfulltrúa Blönduóssbæjar.


5. Eftirlit með framkvæmdunum.

Gunnari falið að gera drög að samningi við hugsanlegan eftirlitsaðila. Í framhaldinu verður síðan reynt að semja við þá sem næst liggja.

6. Samningar um urðun

Í fyrirbyggjandi samningi við Flokkun Eyjafjörður eru settar fram kröfur sem snúa að viðtöku sorps úr Eyjafirði. Af hálfu stjórnar Norðurá liggur fyrir að þær kröfur gilda einnig um aðra aðila sem vildu flytja sorp til urðunar úr Eyjafirði. Ljóst þarf hinsvegar að vera hvern Norðurá rukkar ef flutningsaðilar eru á annarra vegum en FE. Einnig rætt um fyrirspurn frá Gámaþjónustunni um hugsanlegan möguleika á að fá að urða sorp hjá Norðurá. Magnúsi falið að óska eftir ýtarlegri upplýsingum um áætlað magn og urðunartíma.

7. Önnur mál



Norðurá bs
Byggðasamlag um sorpeyðingu
á Norðurlandi vestra.

Rætt um mikilvægi þess að Sveitarfélög standi saman að lausnum við eyðingu á öllum úrgangi og sérstaklega rætt um lífrænan úrgang. Fram kom að unnið hefur verið að og verið er að vinna að sömu verkefnunum og úrlausnum hjá mismunandi sveitarfélögum á núverandi starfssvæði Norðurá. Löggjöfin í landinu er líka að mörgu leyti óljós og gerir úrlausnir erfiðari. Verkefnið verður að vinna í samvinnu sveitarfélaga og afurðastöðva í bæði fisk- og sláturiðnaði.

Fundi slitið kl. 19:00

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Vignir Kjartansson

Eiður Guðmundsson